

Nr. 20-031 S 022 Málmei SK 1***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr.: 1833
IMO: 8602878
Utgerð: Fisk-Seafood ehf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál
Stærð: 882,8 brl. 1469,7 bt.
Mesta lengd: 56,5 m *Skráð lengd*: 54,4 m
Breidd: 12,6 m *Dýpt*: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 15



Málmei©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 7. febrúar 2020 var Málmei SK 1 á togveiðum á NV miðum. Veður: 20 m/s.

Skipverji var við vinnu í lest þegar hann féll við og lenti með fót milli kara með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hné.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að taka niður fiskikar úr þriðju hæð og stóð á karabrún þegar ólag kom á skipið þannig að vinstri fóturinn lenti á milli fiskikara og skipverjinn féll niður þrjár karahæðir;
- að við fallið brákaðist hnéskel, krossband rifnaði og liðþófi laskaðist.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.